

Ed. 753. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. tölulið 3. gr. laganna skal orða svo:

Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1.6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lásupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 101 10. des. 1954, um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.